

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal 1975-1995, iðnaðarsvæði austan við byggðina í Vík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal 1975-1995 frá 11. ágúst 1977.

Breytingin varðar landnotkun austan við byggðina í Vík, óbyggt svæði verður svæði fyrir iðnað.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Mýrdalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995 - 2015, iðnaðarsvæði norðan Ölfusár á Selfossi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015 frá 4. september 1996.

Breytingin varðar landnotkun norðan Ölfusár, opin svæði óbyggd verða iðnaðarsvæði og opin svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988 - 2008, Austurvegur, Eyjabýggð og Búðartangi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988 - 2008 frá 16. nóvember 1989.

Breytingin varðar landnotkun við Austurveg þar sem svæði fyrir íbúðir verður opið